

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. ágúst 2015  
UST201508-030/B.S.  
10.05.08

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vatnsaflsvirkjun við Þverá. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða rennslisvirkjun við Þverá í Breiðadal í Önundarfirði. Uppsett afl virkjunarinnar verður 600 kW. Inntaksstífla verður að hámarki 14 m að lengd og 3 m á hæð. Lengd aðveitulagnar er um 1190 m. Stöðvarhús verður staðsett neðan Fremri-Breiðadalsvegur nærri Breiðadalsá. Flatarmál þess verður allt að 70 m<sup>2</sup>. Leggja þarf veg meðfram aðrennslispípu, en gert er ráð fyrir að sá vegur verði fjarlægður að framkvæmdum loknum og viðhaldi sinnt með fjór- eða sexhjólum. Leggja þarf veg um 45 m frá heimreið að stöðvarhúsi.


Þverá er ekki talin fiskgeng. Fram kemur í greinargerð Náttúrustofu Vestfjarða að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi hvorki fundist fugla- eða plöntutegundir sem skilgreindar eru á válista. Engu votlendi verður raskað við framkvæmdina.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar gætu að áliti Umhverfisstofnunar falist í sjónrænum áhrifum, sérstaklega vegna lagningar aðrennslispípu. Með góðum frágangi á að vera unnt að draga verulega úr þeim áhrifum.

Að teknu tilliti til ofangreindar atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri